

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
b/t Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 2. desember 2005.

Efni: Frv. til l. um br. l. um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 (17. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Frumvarpið felur í sér heimild til einstaklinga til að stunda línuveiðar upp að vissu marki.

Það er orðum aukið að það hafi löngum verið réttur að róa til fiskjar. Fyrir tilkomu fiskveiðistjórnkerfis var sóknin frjáls og þá gat hver sem er stundað veiðar. Þegar nauðsyn reyndist til að kom á stjórnkerfi til að takmarka veiðar var gætt að réttindum þeirra sem höfðu verið að stunda veiðar með því að veita þeim eignarrétt að aflaheimildum. Það má orða þannig að atvinnuréttindum hafi verið skipt út fyrir eignarréttindi. Slík réttindi eru því ekki lengur til staðar.

Lagt er til að þessar veiðar verði ekki reiknaðar til aflamarks og muni ekki hafa áhrif á heildar úthlutunina. Slíkt fyrirkomulag er óheppilegt þar sem veiðar af þessum toga hafa hlutfallslega jafn mikil áhrif á stofnstærðir og aðrar veiðar. Það er því nauðsynlegt að allar veiðar verði settar undir einn hatt hvað þetta varðar. Ef þessar veiðar kæmu alfarið til viðbótar væri árlega veitt of mikið sem nemur þessum veiðum.

Viðskiptaráð leggst því gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson